

M-21/2017. Álit 19. maí 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. maí 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-21/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. mars 2017 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna geymslugjalds sem honum var gert að greiða Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst m.a. endurgreiðslu á 3.315 kr.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar geta aðilar kaupa sem greinir á um réttindi og skyldur sínar samkvæmt lögum þessum snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Ágreiningur aðila snýr að lögmæti geymslugjalds sem Y, gerði álitsbeiðanda að greiða vegna sendingar sem honum barst með pósti. Ágreiningur aðila snýst því um kaup á þjónustu póstflutningsfyrirtækis. Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er kveðið á um það til hverskonar þjónustu löginn nái:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum, [...]

Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum þykir kæruneftndinni ljóst að kaup á þjónustu póstflutningsfyrirtækis falla ekki undir þjónustukaupalögin og ekki verður heldur séð að þau falli undir lög um lausafjárkaup eða neytendakaup. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður